

Stjórnarfundur Félagsskógarbænda á Norðurlandi, haldinn á í Gömlu Gróðrarstöðinni á Akureyri 26.11.2013.

Mætt voru: Anna Ragnarsdóttir, Páll Ingvarsson, Davíð Herbertsson, Sigurlína Jóhannesdóttir og Valgerður Jónsdóttir.

Sigurlína Jóhannesdóttir ritaði fundargerð og Anna stjórnaði fundi.

Dagskrá:

- 1) Aðalfundur LSE.
- 2) Félagatal.
- 3) Skipun í ritstjórn „Við skógareigendur“
- 4) Önnur mál.

1. Fundarstaður: Anna sagði frá að búið væri að fá Menningarhúsið Miðgarð í Skagafirði til fundarhalda helgina 29 – 31 ágúst 2013.

Gisting: Einnig búið að semja við Hótel Varmahlíð um veitingar og gistingu og Gistiheimilið Lauftún og Löngumýri um að halda gistirýmum fyrir þessa helgi. Hver og einn þarf að sjá um að skrá sig í mat og gistingu.

Gönguferð: Verði í Reykarhólskógi.

Gjöf til fundargesta: Áletruð húfa eða svunta. Áletrun verði „Ég er skógarbóndi“ Helgu Bergs er falið að athuga með kostnað (sú eina sem var ekki mætt og gat ekki varist)

„Kraftmeiri skógar“ verða með lokafundinn á föstudag fyrir aðalfundinn þann 29 ágúst..

2. Páli gjaldkera, falið að senda félagatal til stjórnarmanna svo þeir geti brugðist við breytingum á búsetu hjá félögum, hver á sínu svæði.

3. Búið er að ræða við Önnu Guðmundsdóttur á Reykhúsum, Sigrúnu Grímsdóttur Vatnsdal og Láru Erlingssen Akureyri, að taka að sér ritstjórn á „Við skórareigendur“, en það kemur í hlut Félags skórabænda á norðurlandi, að ritstýra því blaði frá næstu áramótum og í tvö ár. Guðríður Baldvinsdóttir Lóni, baðst undan, en bauðst til að senda myndir og skrifa grein í blaðið. Anna tók að sér að vera ritstjóri. Hugmynd frá stjórn til nefndarinnar er að fá Brynhildi Bjarnadóttir að skrifa um kolefnistbindingu og skrifa um trjáskífur frá Flúðum.

4. Önnur mál. Stjórnarmenn aðrir en formaður skora á Önnu að halda áfram í stjórn a.m.k. þar til eftir aðalfund LSE helgina 29 – 31 ágúst nk. Anna skoðar málið.

Fleira ekki tekið fyrir, fundið stlitið kl 14.46.

Sigurlín Jóhanna Jóhannesdóttir ritari í fjarveru Helgu Bergs.